

Rangárþing ytra
Suðurlandsvegi
1-3, 850 Hellu

Garðabær, 15. september 2025
202508-0038/Á.G.
08.01

Efni: Umsögn - Lýsing - Breyting á aðalskipulagi - Norður Nýibær - Rangárþing ytra.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþing ytra er barst 13. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi.

Í greinargerð kemur fram að landeigandi hefur fengið heimild til þess að breyta núverandi landnotkun á hluta landareignar Norður- Nýibær L165410. Svæðið sem um ræðir er 25 ha að stærð en hluti þess verður skilgreindur sem íbúabyggð. Fyrirhugað er að hluti íbúðarlóða verði 1 - 1,5ha að stærð hver og að heimilt verði að reisa íbúðarhús og bílskúr auk gestahúsa til útleigu allt árið um kring fyrir ferðamenn. Heimild yrði til lítilsháttar reksturs innan svæðis. Gert er ráð fyrir aðkomu að norðanverðu inn á spilduna af Þykkvabæjarvegi.

Náttúruverndarstofnun hefur farið yfir ofangreinda lýsingu og bendir á tekið verði tillit til eftirfarandi atriði við vinnslu tillögunnar.

Fuglaverndarsvæði og vistgerðir

Suðurlandsundirlendið, sem nær frá Markárfjóti að Hellisheiði, er afar mikilvægt fuglaverndarsvæði þar sem finnst þétt varp ýmissa vaðfugla, meðal annars spóa, jaðrakans, stelks og tjalds. Sérstaklega skal bent á að spói telst til ábyrgðartegunda Íslands. Svæðið hefur einnig alþjóðlega þýðingu sem varpland fyrir himbrima, álft og skúm, auk þess sem það gegnir mikilvægu hlutverki á fartíma fyrir álft, heiðargæs, blesgæs og grágæs. Þessi verndargildi eru í samræmi við alþjóðleg viðmið IBA, nánar tiltekið A4i, A4iii, B1i, B1ii og B2.

Talningar af Suðurlandi¹² sýna marktæka fækkun á fimm helstu mófuglategundum landsins, þar á meðal heiðlóu, lóupræl, spóa, stolk og þúfuttlingi. Á nýbirtum válista fugla frá Náttúrufræðistofnun³ hafa margar mófuglategundir færst um flokk/flokka frá síðustu flokkun árið 2018 og teljast nú almennt í meiri hættu en 2018. Þessar tegundir sýna almennt neikvæð áhrif af aukinni landnotkun, s.s. vegna mannvirkjagerðar, sem gæti bent til svæðisbundinna neikvæðra áhrifa af mannlegum framkvæmdum á fuglastofna.

Á skipulagssvæðinu má finna vistgerðir sem hafa verndargildi samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands. Þar á meðal eru Flagmóavist og Blómgresisvist. Flagmóavist er fremur

¹ <https://moi.hi.is/is/mofuglar>

² Aldís E.P., Böðvar Þ. og Tómas G.G., 2025. Recent population changes of common waders and passerines in Iceland's largest lowland region. Bird Study, bls. 1-13.

³ <https://www.natt.is/is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla-2025>

þurrt, rofið og þýft mólendi sem einkennist af tegundum eins og holtasóley, kræklyngi og þursaskeggi. Þó fuglalíf sé talið fremur rýrt á þessu svæði, fyrir utan heiðlóu og þúfutittling, er vistgerðin engu að síður á lista Bernarsamningsins frá árinu 2014 sem vistgerð sem þarfnast verndar. Blómgresisvist er hins vegar lítt útbreidd á Íslandi og einkennist af blómríku og gróskumiklu graslendi með nokkuð hávöxnum tegundum. Þar er talsvert fuglalíf og algengustu varpfuglarnir eru þúfutittlingur og hrossagaukur. Verndargildi hennar er metið sem miðlungs og hún er einnig á lista Bernarsamningsins frá 2014. Í 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd kemur fram að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skuli stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra, með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð, og tryggja ákjósanlega verndarstöðu þeirra

Vatnshlot og ásýnd

Náttúruverndarstofnun bendir á að fyrirhugaðar breytingar á landnotkun, þar sem landbúnaðarsvæði eins og tún og mýri breytast í búðarbyggð, hafi töluverð áhrif á ásýnd og landslag svæðisins. Þá skal einnig tekið fram að framkvæmdarsvæðið liggur innan grunnvatnshlotsins Landeyjar (103-252-G), en umhverfismarkmið þess er að viðhalda góðri magnstöðu og tryggja gott efnafræðilegt ástand. Á þessu stigi liggur ekki fyrir hve mikil áhrif breytingarnar kunna að hafa á grunnvatnshlotið.

Fornleifaskráning

Að lokum vill stofnunin vekja athygli á því að fornleifaskráning var framkvæmd í sveitarfélaginu árið 2001 af Fornleifastofnun Íslands. Þar sem kröfur til fornleifaskráningar hafa breyst frá þeim tíma gæti verið nauðsynlegt að endurtaka skráningu innan þess svæðis sem fyrirhugað er að breyta.

Virðingarfyllt,

Ármann Guðmundsson

sérfræðingur

Axel Benediktsson

sérfræðingur